

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví (667. mál).

Samtök atvinnulífsins styðja framkomið frumvarp sem byggir á þríhliða yfirlýsingu stjórnvalda, SA og ASÍ. Eftir að frumvarpið var lagt fram hafa ábendingar borist um efni þess sem samtökin telja rétt að koma á framfæri:

1) Umræða hefur verið um rétt einstaklinga sem fóru frá Íslandi og til svæða sem skilgreind höfðu verið sem hættusvæði fyrir brottför. Segja má að þessir einstaklingar hafi gengið út frá því við brottför að þurfa að sæta sóttkví við heimkomu. Rétt er að nefndin meti hvort rétt sé að undanþiggja þennan hóp í lögnum.

2) Umræða hefur verið um útvíkkun gildissviðs frumvarpsins. SA taka undir að rétt sé að skoða stöðu annarra hópa en telja rétt að fara varlega í þeim efnum og meta heildaráhrifin. Ef einum hópi er bætt við gildissviðið þarf að skoða hvort efnisrök standa gegn því að bæta við öðrum hópi sem telur sig vera í sambærilegri stöðu. SA telja rétt að nefndin meti hvort rétt sé til að afgreiða frumvarpið m.v. gildissvið þess með þeim fyrirvara að nefndin muni sjálf leggja fram frumvarp um breytingu á lögum vegna annarra hópa, verði talin ástæða til.

Sérstaklega hefur verið rætt um foreldra barna sem sæta sóttkví en dæmi eru um að bekkir og árgangar í einstökum skólum séu heima vegna smitaðs nemanda. Í því sambandi er rétt að hafa í huga:

- a) Barn í sóttkví er ekki veikt og þarfnast ekki umönnunar nema þá sökum þess að það getur ekki verið eitt heima vegna ungs aldurs.
- b) Á heimilum eru oft eldri systkini sem eru t.d. í menntaskóla eða háskóla og nú heima vegna lokunar þeirra stofnana. Ekki er þá þörf á viðveru foreldra.
- c) Fjöldi foreldra er nú heimavinnandi vegna breytts skipulags á vinnustöðum vegna Covid-19. Ekki er ástæða til að fallast á umsókn um greiðslur frá ríkinu í þeim tilvikum, hvorki frá því né hinu foreldrinu.

Ástæða þess að SA kjósa að koma framangreindum ábendingum á framfæri er fyrst og fremst sú að samtökin munu árétta sérstaklega gagnvart aðildarfyrirtækjum að virða anda laganna og ganga ekki lengra í endurkröfum en sannanlega er réttur til. Það þýðir eðlilega að meta stöðu þeirra sem gengið hafa gegn tilmælum sóttvarnarlæknis og greiða ekki einstaklingum laun vegna sóttkvíar barna, verði sá réttur hluti gildissviðs laganna, þegar atvinnurekendur hafa vitneskju um að ekki sé þörf á nærveru foreldris. Það mun hins vegar þýða að þessir einstaklingar munu sækja beint um greiðslur til Vinnumálastofnunar með því álagi sem því mun fylgja fyrir stofnunina.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ragnar Arnason, lögmaður,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs